

110 glugga (utan og innan), málningu gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, raf-
15. júní lagnir og ljósataeki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomu-
sal og víðar, eldavél og hitunartæki o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir kosta endurbætur á, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, sem gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu um ákveðinn tíma.

15. gr.

Húsnefndin getur í samráði við sýslumann Barðastrandarsýslu, ráðið einn eða fleiri löggæzlumenn til þess að annast reglu á samkomum í félagsheimilinu. Kaup til slíkra löggæzlumanna greiða þeir, er fyrir samkomu standa hverju sinni, eða eftir því, sem lög mæla fyrir á hverjum tíma.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi í félagsheimilinu Fagrihvammur föstudaginn 22. marz 1957.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1960.

F. h. r.

Ásgeir Pétursson.

Knútur Hallsson.

111

24. júní

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 27. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. júní 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.